

Sp.

158. Nefndarálit

[1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1983.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Áður en þinghald hófst í haust ræddi fjárveitinganefnd við fulltrúa um 80 sveitarfélaga, en alls hefur nefndin átt um 200 viðtöl við aðila sem komið hafa á fundi nefndarinnar. Auk þess hafa nefndinni borist mörg hundruð skrifleg erindi. Nefndin hefur fjallað um fjárlagafrumvarpið á 43 fundum eftir að þing kom saman, auk þess sem undirnefndir hafa starfað að afgreiðslu einstakra málaflokka.

Nefndin hefur fyrir 2. umr. afgreitt alla framkvæmdaflokka nema fyrirhleðslur svo og flest efnisatriði útgjaldahlíðar frumvarpsins. Til 3. umræðu bíður auk tekjuhliðar frumvarpsins afgreiðsla B-hluta fyrirtækja, heimildagreinar, vegamál, málefni Háskóli Íslands, Lánasjóðs ísl. námsmanna, byggingamál Landspítala og nokkur einstök atriði.

Eins og fram kemur í greinargerð fjárlagafrumvarpsins mótast það af þeim samdrætti í þjóðartekjum sem orðið hefur á þessu ári og gera má ráð fyrir á hinu næsta. Nefndin hefur því í litlum mæli getað mætt þeim mörgu og margvíslegu óskum, sem að henni hefur verið beint um hækkun einstakra útgjaldaliða, og því takmarkað tillöguflutning sinn að mestu við þá liði, sem eru óbreyttir að krónutölu frá nógildandi fjárlögum, svo og við tillögur þar sem nánast er um leiðréttingar að ræða.

Framkvæmdaliðir hækkudu í frumvarpinu almennt um 30% í krónutölu frá nógildandi fjárlögum, og gerir nefndin tillögur um nokkra hækkun frá því í átt við verðlagsbreytingar. Þjóðhagsspár eru á þann veg að almennt er naumast að vænta hærri tekna af einstökum tekjulíðum en gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Augljóst er af þeirri staðreynd, að ráðrúm til öllu frekari hækkunar útgjalda er ekki fyrir hendi, en það er stefna meiri hluta fjárveitinganefndar að afgreiða fjárlög hallalaus.

Breytingartillögur nefndarinnar við frumvarpið eru þessar:

Við tekjuhlið frv. er flutt ein tillaga við 2. umræðu. Lagt er til að skipaskoðunargjald hækki um 600 þús. kr. til samræmis við endurmat á útgjöldum Siglingamálastofnunar ríkisins.

02 Menntamálaráðuneyti.

- 232 Rannsóknaráð ríkisins: Útgjöld hækka í heild um 515 þús. kr., þar af 100 þús. kr. vegna skipulags- og þróunarmála, 215 þús. kr. vegna upplýsingamála og 200 þús. kr. vegna liðarins Nýting náttúruauðæfa.
- 302 Menntaskólinn á Akureyri: Stofnkostnaður hækki um 100 þús. kr.
- 306 Menntaskólinn á Ísafirði: Stofnkostnaður hækki um 300 þús. kr.
- 351 Fjölbrautaskólar í Reykjavík: Stofnkostnaður hækki um 800 þús. kr.
- 352 Flensborgarskóli, fjölbrautaskóli: Stofnkostnaður hækki um 700 þús. kr.
- 353 Fjölbrautaskóli Suðurnesja: Stofnkostnaður hækki um 500 þús. kr. og verði 800 þús. kr.
- 359 Verkmenntaskólinn á Akureyri: Stofnkostnaður hækki um 3 000 þús. kr. og verði 9 100 þús. kr.
- 422 Námsgagnastofnun: Önnur rekstrargjöld hækki um 1 500 þús. kr. og verði 14 713 þús. kr. Gjaldfærður stofnkostnaður hækki um 1 000 þús. kr. vegna myndbandavæðingar og verði 1 060 þús. kr.
- 501 Tækniskóli Íslands: Gjaldfærður stofnkostnaður hækki um 100 þús. kr. vegna bókasafns.
- 507 Stýrimannaskólinn í Reykjavík: Viðhald hækki um 100 þús. kr. og verði 185 þús. kr.
- 571 Sjómannaskólahúsið: Stofnkostnaður hækki um 500 þús. kr. vegna áframhaldandi lagfæringa á húsinu.
- 610 Héraðsskólar, almennt: Stofnkostnaður hækki um 1 900 þús. kr. Sundurliðun er í breytingartillögum nefndarinnar.

Alþt. 1982. A. (105. löggjafarþing).

139

- 700 Grunnskólar, Reykjavík: Laun hækki um 80 þús. kr. vegna skólaathvarfs í Breiðholti.
- 792 Bygging grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra, framlög: Stofnkostnaður hækki um 15 615 þús. kr. Sundurliðun kemur í breytingartillögum nefndarinnar.
- 797 Skólar fyrir þroskaheft börn: Framlag til þjálfunarskóla hækki um 965 þús. kr. og framlag til dagvistunar forskólabarna hækki um 357 þús. kr.
- 803 Dagvistarheimili, stofnkostnaður: Framlag til dagvistarheimila hækki um 5 000 þús. kr. Sundurliðun kemur fram í breytingartillögum nefndarinnar.
- 881 Náms- og fræðimenn, framlög: Liðurinn Menntastofnun Bandaríkjanna á Íslandi hækki um 15 þús. kr. og verði 45 þús. kr. Styrkur til útgáfustarfa hækki um 90 þús. kr. og verði 420 þús. kr. sem fjárveitinganefnd skiptir upp til viðtakenda. Liðurinn Starfsemi stúdenta hækki um 9 þús. kr. og verði 27 þús. kr.
- 902 Þjóðminjasafn Íslands: Laun hækki um 136 þús. kr. sem nægi fyrir launum húsvardar Þjóðminjasafns og Listasafns. Önnur rekstrargjöld hækki um 15 þús. kr. Gjaldfærður stofnkostnaður hækki um 200 þús. kr. til lagfæringar á skrifstofu. Liðurinn Til sveitarfélaga hækki um 120 þús. kr. og verði 2 520 þús. kr. Fjárveitinganefnd skiptir lið þessum í samráði við þjóðminjavörð. Liðurinn Sjóminjasafn Íslands hækki um 800 þús. kr. og verði 1 200 þús. kr.
- 908 Kvikmyndasafn Íslands: Sértekjur falli niður.
- 909 Nýr liður: Blindrabókasafn Íslands. Laun verði 1 411 þús. kr., sem eru laun 6 starfsmanna. Önnur rekstrargjöld verði 300 þús. kr. Gjaldfærður stofnkostnaður verði 300 þús. kr.
- 982 Listir, framlög: Liðurinn hækki alls um 1 371 þús. kr. sem skiptist eins og hér segir: Leikfélag Reykjavíkur hækki um 788 þús. kr. Leikfélag Akureyrar hækki um 288 þús. kr. Liðurinn Leiklistarstarfsemi hækki um 150 þús. kr. Liðurinn Ferðaleikhúsið orðist svo: Ferðaleikhús: a) rekstrarstyrkur 60 þús. kr., b) stofnkostnaður 50 þús. kr. Liðurinn hækki því um 65 þús. kr. Tekinn verði upp nýr liður: Íslenskir menningardagar í Berlín 80 þús. kr.
- 986 Íþróttasjóður: Rekstrarstyrkir o. fl. hækki um 200 þús. kr. og bygging íþróttamannvirkja hækki um 2 970 þús. kr. og verði 15 600 þús. kr., sem skiptist eins og sýnt er í breytingartillögum nefndarinnar.
- 988 Æskulýðsmál: Liðurinn hækki alls um 176 þús. kr. sem skiptist sem hér segir: Æskulýðssamband Íslands, 10 þús. kr. Ungmennafélag Íslands 104 þús. kr. Bandalag ísl. skáta 29 þús. kr. Bandalag ísl. skáta, vegna Úlfjótsvatns 7 þús. kr. Íslenskir ungtemplarar 10 þús. kr. Landssamband KFUM og KFUK 7 þús. kr. KFUM, starfsemi í Vatnaskógi 5 þús. kr. KFUK, starfsemi í Vindáshlíð 4 þús. kr.
- 989 Ýmis íþróttamál: Liðurinn Forseti FIDE lækki um 640 þús. kr. og verði 160 þús. kr. vegna uppgjörs.
- 999 Ýmislegt: Liðurinn hækki alls um 583 þús. kr. Vísað er til breytingartillagna nefndarinnar um einstakar breytingar á viðfangsefnum. Vert er að geta þess, að fellt er niður framlag til Hljóðbókasafns en áætlað fyrir því á nýjum lið: 02-909 Blindrabókasafn Íslands.

03 Utanríkisráðuneyti.

- 399 Ýmis utanríkismál: Liðurinn Lögberg-Heimskringla hækki um 56 þús. kr. og Háskóli Sameinuðu þjóðanna hækki um 800 þús. kr.

04 Landbúnaðarráðuneyti.

- 206 Rannsóknastofnun landbúnaðarins: Nýr liður: Tilraunabú óskipt 1 500 þús. kr. Liðurinn Stóra-Ármót hækki um 200 þús. kr. og verði 300 þús. kr. vegna fjósbyggingar.
- 231 Skógrækt ríkisins: Nýir liðir: Útivistarsvæði 150 þús. kr. Vegna tilrauna við rötarskóga 100 þús. kr.
- 246 Veidimálaskrifstofan: Önnur rekstrargjöld hækki um 100 þús. kr. vegna rannsókna á laxveiðum Færeyinga í sjó.

- 247 Yfirdýralæknir: Framlag til héraðsdýralækna hækki um 171 þús. kr., þar af 146 þús. kr. vegna launa eins dýralæknis frá 1/7 1983.
- 299 Landbúnaðarmál, ýmis starfsemi: Liðurinn hækki alls um 386 þús. kr. sem skiptist á eftirfarandi hátt: Norræna búfræðifélagið hækki um 1 þús. kr. Landssamband ísl. hestamannafélaga falli niður. Landssamband ísl. hestamannafélaga, til leiðbeininga um hestamennsku hækki um 7 þús. kr. Landvernd hækki um 100 þús. kr. Búnaðarfélag Austur-Skaftafellssýslu hækki um 30 þús. kr. Nýr liður: Til rannsókna á lifnaðarháttum æðarfugls 250 þús. kr.
- 502 Bændaskólinn Hólum: Stofnkostnaðarframlag hækki um 250 þús. kr. til frágangs á sundlaug.

05 Sjávarútvegsráðuneyti.

- 299 Ýmislegt á sviði sjávarútvegs: Liðurinn Veidieftirlit hækki um 260 þús. kr. vegna launa eins veidieftirlitsmanns.
- 901 Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna: Viðhald hækki um 330 þús. kr. vegna samningsbundins viðhalds á tölvum.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti.

- 208 Rannsóknalögregla ríkisins: Laun hækki um 1 500 þús. kr., aðallega vegna yfirvinnu. Önnur rekstrargjöld hækki um 500 þús. kr.
- 235 Sýslumaður og bæjarfógeti Keflavík: Laun hækki um 81 þús. kr. vegna 0,4 stöðu fulltrúa.
- 251 Landhelgisgæslan: Framlag hækki alls um 9 792 þús. kr. sem skiptist á eftirfarandi hátt: Ægir 1 831 þús. kr. Óðinn 1 317 þús. kr. Þór 1 157 þús. kr. Týr 1 957 þús. kr. Fluggæsla 4 265 þús. kr. Landhelgissjóður lækki um 735 þús. kr.
- 253 Almannaþing ríkisins: Önnur rekstrargjöld hækki um 50 þús. kr. og stofnkostnaður hækki um 47 þús. kr.
- 301 Þjóðkirkjan: Framlag hækki alls um 410 þús. kr. og skiptist á eftirfarandi hátt: Álag vegna afhendingar kirkna hækki um 100 þús. kr. Hallgrímskirkja í Reykjavík hækki um 250 þús. kr. Hjálparstofnun kirkjunnar hækki um 60 þús. kr.

07 Félagsmálaráðuneyti.

- 977 Framkvæmd laga um aðstoð við þroskahefta: Framlag hækki alls um 3 676 þús. kr. er skiptist sem hér segir: Svæðisstjórnir hækki um 360 þús. kr. Sambýli hækki um 1 409 þús. kr., þar af 1 048 þús. kr. vegna nýrra sambýla að Drekaavogi og Háteigsvegi í Reykjavík, og er þar reiknað með launakostnaði 10.5 starfsmanna og öðrum kostnaði frá 1. apríl 1983. Verndaðir vinnustaðir hækki um 195 þús. kr. Leiktækjasöfn hækki um 262 þús. kr., þar af verði 148 þús. kr. vegna nýs leiktækjasafns á Siglufirði. Gert er ráð fyrir að þar starti einn starfsmaður. Kostnaður skv. 15. gr. hækki um 1 339 þús. kr. Heimili fyrir einhverf börn hækki um 111 þús. kr.
- 978 Heimili fyrir þroskahefta: Skálatún hækki um 1 000 þús. kr. og Sólborg hækki um 2 200 þús. kr.
- 981 Vinnumál: Nýr liður: Sjómannasamtök, lögskráning 200 þús. kr.
- 999 Ýmis framlög: Liðurinn hækki alls um 1 668 þús. kr. Vísað er til breytingartillagna nefndarinnar um einstakar breytingar á viðfangsefnum.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.

- 271 Tryggingastofnun ríkisins: Liðurinn lækki um 2 025 þús. kr. Sama fjárhæð ferist á Krabbameinsfélag Íslands.
- 301 Landlæknir: Yfirstjórn hækki um 115 þús. kr. vegna skráningar og úrvinnslu upplýsinga.
- 324 Heyrnar- og talmeinaastöð: Laun hækki um 290 þús. kr. vegna stöðu læknis í hálfu starfi og stöðu talmeinafræðings sem ráðinn yrði frá 1/7 1983. Önnur rekstrargjöld hækki um 100 þús. kr. og yfirfærslur til einstaklinga og samtaka hækki um 700 þús. kr. til kaupa á heyrnartækjum.

- 371 Landspítalinn: Framlag til viðhalds hækki um 2 000 þús. kr.
- 381 Sjúkrahús og læknisbústaðir: Liðurinn Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða, annarra en ríkissjúkrahúsa, hækki um 21 615 þús. kr. Sundurliðun kemur fram í breytingartillögum nefndarinnar. Sjúkrahús St. Franciscusarreglunnar í Stykkishólmi, byggingarstyrkur hækki um 1 500 þús. kr. Liðurinn Landakotsspítali. röntgentæki falli niður. DAS, Hrafnista, Hafnarfirði, byggingarstyrkur, þriðja greiðsla af fimm: a) í stað orðsins „fimm“ komi „sex“, b) hækki um 328 þús. kr. Nýr liður: Hjúkrunarheimilið Sunnuhlíð, Kópavogi, 1 000 þús. kr.
- 386 Landakotsspítali: Fyrirsögn orðist svo: St. Jósefsspítali, Landakoti. Nýr liður: Gjaldfærður stofnkostnaður 2 000 þús. kr.
- 387 Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri: Laun hækki um 7 350 þús. kr. vegna nýrra starfsmanna við nýja sjúkradeild. Önnur rekstrargjöld hækki um 2 500 þús. kr. Viðhald hækki um 2 500 þús. kr.
- 399 Ýmis heilbrigðismál: Liðurinn Hjartavernd hækki um 650 þús. kr. Krabbameinsfélag Íslands hækki um 2 875 þús. kr., þar af koma 2 025 þús. kr. frá Tryggingastofnun ríkisins. Sjúkraflug hækki um 75 þús. kr. Félag astmasjúklinga hækki um 2 þús. kr. Exem- og psoriasissjúklingar hækki um 3 þús. kr. Ýmis framlög hækki um 50 þús. kr.
- 471 Gæsluvistarsjóður, framlag: Bláa bandið hækki um 12 þús. kr. Vernd. félagsamtök hækki um 15 þús. kr. Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið hækki um 70 þús. kr.
- 481 Bindindisstarfsemi: Nýr liður: Til einstaklinga og samtaka 225 þús. kr. Aftan við liðinn bætist viðfangsefni: 0102 Áfengisvarnir 1181 þús. kr. 0105 Stórstúka Íslands 225 þús. kr.

10 Samgönguráðuneyti.

- 333 Hafnarmál: Hafnarmannvirki og lendingarbætur hækki um 37 538 þús. kr. Sundurliðun kemur fram í breytingartillögum nefndarinnar. Ferjubryggjur hækki um 375 þús. kr. og verði alls 2 000 þús. kr. Sú upphæð skiptist að jöfnu milli Hvalláturs og Skáleyja. Hafnarbótasjóður, framlag hækki um 3 943 þús. kr. Sjóvarnargarðar hækki um 3 036 þús. kr. Sundurliðun kemur fram í breytingartillögum nefndarinnar. Liðurinn Hafnarframkvæmdir vegna skipaiðnaðar falli niður.
- 341 Siglingamálastofnun ríkisins: Önnur rekstrargjöld hækki um 600 þús. kr. Á móti komi jafnmikil hækkun á skipaskoðunargjaldi sem fram kemur í 3. gr. fjárlaga.
- 342 Sjóslysanefnd: Nýr liður: Til einstaklinga og samtaka 110 þús. kr.
- 471 Flugmálastjórn: Framlag til Flugvalladeildar hækki um 5 000 þús. kr. Framkvæmdir í flugvöllum hækki um 4 875 þús. kr. og verði 46 250 þús. kr. sem skiptist eins og sýnt er í breytingartillögum nefndarinnar.
- 485 Ýmis framlög: Liðurinn Flugbjörgunarsveitir hækki um 100 þús. kr. Slysavarnafélag Íslands, vegna tilkynningarskyldu fiskiskipa hækki um 68 þús. kr. Nýr liður: Fræðsluefni um öryggismál sjómanna 300 þús. kr. Er þessi fjárveiting sérstaklega ætluð til kaupa á myndefni um öryggismál sjómanna og dreifingar á því.

11 Iðnaðarráðuneyti.

- 201 Iðntæknistofnun Íslands: Liðurinn Iðntækniþjónusta hækki um 640 þús. kr., þar af verði 270 þús. kr. vegna launa eins ráðgjafa í yfirborðsmeðhöndlun. Á móti hækki sértekjur um 200 þús. kr.
- 299 Iðja og iðnaður, framlög: Liðurinn Iðnráðgjafar hækki um 420 þús. kr. vegna yfirvinnu iðnráðgjafa.

12 Viðskiptaráðuneyti.

- 101 Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa: Liðurinn Til einstaklinga og samtaka hækki um 20 þús. kr. vegna Neytendasamtakanna.

Alþingi, 12. des. 1982.

Geir Gunnarsson,
form., frsm.
Alexander Stefánsson.

Guðmundur Bjarnason,
fundaskr.

Þórarinn Sigurjónsson.

Friðjón Þórðarson.